

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði miðvikudaginn 11. desember 2013 klukkan 17:00

Mætt eru: Óskar, Einar, Kristlaug, Þorsteinn, Guðrún, Þorgerður, Edda Kamilla

Boðuð forföll: Svanbjört

Fundur númer 729.

1. Fundur settur  
Óskar setti fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar.  
Skoðast samþykkt.
3. Innsend bréf.
  - a. 22. nóv. Frá ÍSÍ: Lykiltölur 2012  
Iðkendatölur frá ÍSÍ, erum með 100% skil á Felix.
  - b. 14. nóv. Frá UMFÍ: Ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ 2014.  
Ráðstefnan „ungt fólk og lýðræði“ verður haldinn 9. til 11. apríl á Hótel Ísafirði fyrir ungmenni 16 til 25 ára.
  - c. 14. nóv. Frá Dalvíkurbyggð: bókun Byggðarráðs vegna umsóknar um ULM.  
Byggðaráð samþykkir bréf UMSE um umsókn ULM.
  - d. 15. nóv. Frá UMFÍ: samþykktir 48. sambandsþings UMFÍ.  
Sendar voru til kynningar samþykktir sem gerðar voru á 48. Sambandsráðþingi UMFÍ sem haldið var í Stykkishólmi 12. – 13. október sl.
  - e. 17. nóv. Frá Borðtennisnefnd: Ósk um kaup á fræðsluefni.  
Ósk frá borðtennisnefnd um kaup á fræðsluefni til að geta ýtt betur undir starfsemi borðtennis hjá Umf. Samherja og Umf. Æskunni. *Samþykkt að kaupa fræðsluefni um borðtennis í samráði við borðtennisnefnd.*
  - f. 19. nóv. Frá Félagi Íslenskra Fíkniefnalögreglumanna: ósk um stuðning.  
Félag íslenskra Fíkniefnalögreglumanna eru að biðja um styrktarlínu í dagblaðsauglýsingu. *Hafnað.*
  - g. 5. des. Frá KSÍ: knattspyrnuþing 2014, boðun.  
68. Knattspyrnuþing KSÍ, verður haldið í menningarhúsinu Hofi, Akureyri í febrúar nk. Áframsent á knattspyrnudeild Umf. Svarfdæla.
  - h. 5. des. Frá ÍSÍ: Allir sem einn - Sjálfboðaliðavefur ÍSÍ.  
ÍSÍ kynnti vefinn Allir sem einn, þar sem allir eru hvattir til að setja inn á vefinn um sitt sjálfboðaliðastarf.
  - i. 9. des. Frá Dalvíkurbyggð: auglýsing um laust skrifstofuhúsnæði í Ráðhúsi. Lagt fram til kynningar.
  - j. 9. des. Frá FRÍ: frestun á drætti í happadrætti FRÍ til 7. feb.  
Frestað hefur verið drætti í happadrætti FRÍ vegna lélegrar sölu á miðunum.

4. Styrkumsóknir úr Afreksmannasjóði

Miklar umræður sköpuðust um umsóknirnar og form umsóknareyðublaðsins. Laga þarf formið fyrir næsta ár.

Þorgerður og Guðrún viku af fundi vegna hagsmunaárekstra.

Eftirtaldir aðilar hlutu styrk úr Afreksmannasjóði.

- a. Guðmundur Smári Daníelsson
  - i. Samþykkt að veita 60.000.- kr styrk.
- b. Júlíana Björk Gunnarsdóttir
  - i. Samþykkt að veita styrk 60.000.- kr styrk.
- c. Nökkvi Þeyr Þórisson
  - i. Samþykkt að veita styrk 60.000.- kr styrk.
- d. Ólöf María Einarsdóttir
  - i. Samþykkt að veita 60.000.- kr styrk.
- e. Sveinborg Katla Daníelsdóttir
  - i. Samþykkt að veita 60.000.- kr styrk.

Þremur umsóknum var hafnað.

5. Samningur við Samskip.

- a. Samningur hefur verið undirritaður og var hann lagður fram til kynningar fyrir stjórnina.

6. Viðurkenning til íþróttahéraða.

- a. Frá Viðari Sigurjónssyni, ÍSí.
  - i. Haldinn var umræðufundur fyrr í vetur um hvað væri hægt að gera svo að íþróttahéruð gætu fengið gæðastimpil. Unninn var gátlisti vegna gæðaverkefnis ÍSí. Senda á þennan gátlista á stjórnarmenn og þeir fari yfir þennan gátlista og komi með ábendingar um hvað betur megi fara.

7. Ráðstöfun styrks frá íþróttanefnd Ríkisins.

- a. Glímukynning í grunnskólum á starfssvæðinu fór fram í síðustu viku.
- b. Fræðsla fyrir ungmenni í tengslum við æfingabúðir sem verða 4. og 5. janúar 2014.

8. Ársþing UMSE.

- a. Umsjónarfélag verður Umf. Þorsteinn Svörfuður. Sent verður bréf þangað. Stefnt verður að því að halda kvöldþing.
- b. Virkja þarf uppstillingarnefnd.

9. Jólafundur

Ákveðið var að fresta jólafundinum.

10. Önnur mál.

- a. Tilhögun á kjöri íþróttamanns UMSE árið 2013. Reynt að stefna að því að sameina þetta formannafundi sem að haldinn verður 30. janúar 2014. Senda á út bréf til aðildarfélaga og biðja um tillögur.

Þorgerður, Guðrún og Edda Kamilla yfirlög fund.

11. Tilhögun næsta fundar.

Stjórnarfundur fimmtudaginn 9. janúar

Vinnufundur með sveitarfélögum fyrirhugaður 14. janúar

Formannafundur fimmtudaginn 30. janúar

12. Fundarslit.

Fundi slitið 19:32

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður